

Landsyfirrjettardómar 1892.

Mánudaginn 25. janúarmánaðar.

Nr. 31/1891:

Bæjarstjórn Reykjavíkur og
hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
gegn
Guðmundi Magnússyni.

D ó m u r :

Mál þetta, sem áfrýjendurnir höfðu gegn hinum stefnda út af ágreiningi um landamerki milli eignarjarðar hans Elliðakots á aðra hliðina, og afrjettarlands Reykjavíkurkaupstaðar og Seltjarnarneshrepps á hina hliðina, var dæmt í landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 19. sept. f. á. þannig, að landamerkin skyldu vera aðalfarvegur Lyklafellsárinnar úr Nautapólli allt að suðurenda Vatna-ássins, þar sem farvegurinn kvíslast; úr því ráði nyrðri farvegurinn, þangað til hann kemur í Fossvallaá. Upp í málskostnað fyrir landamerkjadóminum var áfrýjendunum gjört að greiða 49 kr. til dómendanna, og hinum stefnda 23 kr.

Þessum landamerkjadómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps skotið til yfir-

rjettarins með stefnu, útgefinni 29. sept. f. á., og krafizt þess, að dómurinn verði algjörlega úr gildi felldur fyrir lögleysu að efni til, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins. Stefndi hefur af sinni hálfu gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum hæfilegt málskostnaðarendurgjald fyrir yfirdómi.

Samkvæmt landamerkjaskrá áfrýjendanna hefur þess af þeirra hálfu verið krafizt, að landamerkin væru ákveðin þannig: »Fyrst að norðanverðu úr svo kölluðu Hraunsnefi neðanvert við Lækjarbotnaland, og svo eptir hraunbólum þeim, sem liggja úr Hraunsnefinu beint norður í á, og svo ræður áin allt upp í Átthaga- (eða Nátthaga-)vatn, og svo eptir því miðju, þangað til áin fellur í vatnið fyrir norðan Átthagann, og sem sú á ræður suðaustur með heiðarbrúninni; svo úr henni neðan til við uppsprettu hennar eptir árfarvegi og í aðal-Fossvallaána, þar sem hún fellur niður úr gljúfrinu, fram af heiðarbrúninni; svo ræður sú á, sem liggur með heiðarjaðrinum (Elliðakotsheiði) alla leið að norðanverðu við Fóellu-vötn allt upp fyrir norðan ás þann, sem skilur Efri- og Neðri-vötn. Þaðan eru merkin áframhald með sömu heiði upp árfarveginn, sem liggur sunnan undir Lyklafelli, og eptir þeim farveg austur og upp í sýslumörk«. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi haldið því fram, að landamerkin á milli Elliðakots og afrjettarlands Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarnesshrepps sjeu þessi: »Frá Vífilfelli niður Sandskeiðið niður fyrir Vatna-sæluhúsið, og svo eptir árfarinu fyrir sunnan Neðri-vötn niður að þúfu, sem stendur á holtstanga fyrir neðan Neðri-vötn«.

Með dómsákvæði sínu, því er áður hefur greint verið, hefur merkjadómurinn dæmt undir Elliðakotsland nokkurn hluta (eða nyrðra partinn) af svokölluðum Efri-vötnum, frá Nautapollí og niður fyrir Vatnaásinn, en þessa landsspildu vildu báðir málspartar eigna sjer. Ýms vel kunnug vitni hafa þó borið það í málinu, að Fóellu-vötnin (bæði Efri- og Neðri-vötnin) hafi um langan aldur, eða svo lengi sem þau muna til, verið talin og notuð sem afrjettarland Seltjarnarnesshrepps og Reykjavíkur, enda er það viðurkennt af stefnda, að minnsta kosti að því er Reykjavík snertir, og allar líkur eru einnig fyrir því, að hreppatakmörkin (milli Seltjarnarnesshrepps og Mosfellssveitar) skilji öll Fóellu-vötnin frá heimalandi Elliðakots. Á móti þessu eru engar hinar minnstu líkur eða sannanir framkomnar frá hálfu hins stefnda eiganda Elliðakots, og virðist hann þó samkvæmt Jónsb. landslb. 26. kap. i. f. hefði þurft að færa sönnur á eignarrjett sinn að landsspildunni gagnvart tjeðu eignarhaldi eða notkun áfrýjendanna. Merkjadómurinn verður því með þessu að álitast hafa gjört sig sekan í lögleysu í dómi sínum. Auk þess er það eigi rjett af merkjadóminum, að hann hefur ekki lagt dóm á um alla hina umþrættu merkjalínu, og eigi ákveðið merkin lengra upp og austur en að Nautapollí, þótt kröfur málspartanna og ágreiningur snertu merkin lengra austur. — Það verður af þessum sökum að ónýta hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim aptur.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ó-
merkur og vísast málinu heim aptur. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 22. febrúarmánaðar.

Nr. 22 1891:

Stefán Einarsson

gegn

fyrv. presti Stefáni Halldórssyni
og Kristjáni Sigurðssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem er út af landamerkjaágreiningi milli jarðarinnar Möðrudals á Fjöllum annars vegar og Hofteigs-kirkjujarðarinnar Arnórsstaða og bænda eignarinnar Víðirhóla hins vegar, og sem dæmt var í landamerkjadómi Norður-Múlasýslu 20. sept. 1888, var áfrýjunarfresturinn útrunninn og því fengið leyfisbrjef til uppreistar, til þess að málinu yrði áfrýjað til yfirrjettarins, og var leyfisbrjef þetta útgefið af landshöfðingja 13. maí f. á. Áfrýjunarstefna var þó eigi úttekin fyrir en 12. júní næst á eptir, eða síðar en skyldi, til þess uppreistarleyfið geti komið áfrýjandanum að notum, samkv. op. br. 2. júní 1819, 2. gr., og verður því að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður, og málsfærslukaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Stefáns prests Halldórssonar, er ákveðast 12 krónur, greiðist úr opinberum sjóði. Aptur á móti verður eptir þessum úrslitum málsins hinum skipaða